

## Fundur í svæðisráði vestursvæðis 28.09.11

Mættir: Ástvaldur Guðmundsson, Elín Heiða Valsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Sigurður Skúlason og Snorri Baldursson. Forföll boðaði Karl Ölvisson.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt með smávægilegum leiðréttingum.
2. Elín Heiða kynnti PowerPoint-skjal yfir lagfæringar sem gerðar hafa verið á mörkum þjóðgarðs í nýrri reglugerð. Villur stöfuðu m.a. af því að kort sem lögð voru til grundvallar við stofnun garðsins voru ekki rétt. Svæðisráð fær skjalið sent í tölvupósti.
3. Elín kynnir áform umhverfisráðuneytis um sameiningu og breytingu stofnana sem sinna náttúru- og umhverfisvernd. Í fyrsta lagi er stefnt að myndun nýrrar stofnunar, „þjóðgarða/þjóðlendustofnunar“, sem fari með málefni þjóðgarða, friðlanda og e.t.v. þjóðskóga. Í öðru lagi er stefnt að sameiningu Umhverfisstofnunar og Skipulagsstofnunar. Ráðgjafi hefur verið fenginn til að gera fýsileikakönnun varðandi þessar breytingar. Sá hefur tekið viðtöl við ýmsa starfsmenn viðkomandi stofnana og hyggst skila álitsgerð 15. október.

Fundað um þetta með stjórn og starfsmönnum VJP þann 22. september sl. Þar var unnin svokölluð SVOT-greining á kostum og göllum nýs fyrirkomulags. Þessi greining verður send svæðisráði.

Í umræðu kom fram að stærsta ógnin varðandi þessar breytingar væri sú að aðkoma heimamanna mundi minnka, en hún var alger forsenda þess að VJP var stofnaður. Fundurinn bókaði eftirfarandi ályktun: „Ef af sameiningu stofnana, sem sinna stjórnun þjóðgarða og friðlýstra svæða, verður er grundvallaratriði að aðkoma heimamanna (íbúa og hagsmunaaðila) að stjórnun VJP verði tryggð áfram“

4. Verndaráætlun fyrir nýtt svæði (Langasjó, Eldgjá) innan þjóðgarðs. Elín Heiða kynnti minnisblað ALTA, tillögur að verkferli, þar sem m.a. er lagt til að starfsmenn þjóðgarðsins vinni verndaráætlunina með aðstoð svæðisráðs og undir ritstjórn ALTA. Snorri kynnti punkta af fundi Elínar Heiðu, Kára Kristjánssonar og Róberts Sigurjónssonar frá deginum áður um gerð verndaráætlunar.

Umræða spannst um helstu hagsmunaaðila, verndarflokk, vegi á hinu nýja svæði, þjónustusvæði, göngu-, reið- og hjólaleiðir.

Tillögur ALTA voru samþykktar í stórum dráttum. Ákveðið að þjóðgarðsvörður og formaður svæðisráðs fundi með ALTA til að útbúa fullmótaða verk- og kostnaðaráætlun. Í framhaldi funda þau með helstu hagsmunaaðilum (sveitarstjórn, upprekstraraðilum, veiðifélagi Skaftártungumanna, Útivist) til að kynna verndaráætlunarvinnuna. Kannað verður hvort fjármagn er til á skrifstofu til að kaupa þjónust sérfræðinga svo sem vegna vinnu við náttúrufarslýsingu.

5. Önnur mál

Elín Heiða vakti athygli á Skaftárstofu og sýningunni sem þar er.

Ólafía kynnti hugmyndir að þekkingarsetri á Kirkjubæjarklaustri

Stefnt er að næsta fundi svæðisráðs í fyrstu viku í nóvember 2011.